

23/2 72

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.  
=====

1971.  
=====

Snóurlandsundæmi.

1. Veðurfar ársins:

=====

Jörð var klakalaus um áramótin, um miðjan janúar fór að frjósa og 30 janúar kom mesta frost sem ég hef séð á mælir + 22°. Að öðru leiti var veturinn frá áramótum hagstæður. Klaki fór ekki djúpt í jörðu, líklega aldrei yfir 50 cm. Um miðjan apríl mældi ég klaka í jörðu og var hann 28 cm. en 13 cm. þýtt lag ofan á klaka. 7 maí mældi ég aftur, og var þá 10 cm. klaki, en 28 cm. niður á klaka. 17 maí var aftur á móti orðið klakalaust. Þessar klakabykktar mælingar gerði ég í kartöflugarði á Selfossi. Vorið var hagstætt, sumarið sólríkt og mjög gott. Haustið og veturinn tiláramóta einnig hagstætt, nokkurt frost í nóvember og freman af desember, en jörð klakalaus um áramót.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs:

=====

a. Laufgun og lauffall. Laufgun tel ég að hafi verið 1. júní, en lauffall 15. október. Síðasta vorfrost sem ég tók eftir var 26. maí, en fyrsta haustfrost hefur mér láðst að skrifa hjá mér.

b. Vöxtur. Eftir þetta sólrika og góða sumar var vöxtur á trjágróðri jafn og góður.

c. Fræfall. Birkifræ var mjög lítið hér á Suðurlandi í haust, og safnaði ég engu birkifræi. Sitkagrenikönglum safnaði ég af tveim trjám í garði Helga Ágústssonar á Selfossi, og fengust af þeim næstum hálfur poki, könglana sendi ég að Mógilsá til þreskiagar.

d. Skaðar á trjágróðri. Ekkert voru teljandi skaðar á trjágróðri á árinu, og maður og lús í lágmarki. Eins og ég gat um í ársskýrslu 1970, var mjög mikill maður í brekkunni á Kirkjubæjarklaustri og raunar á öllu birki og birkikjarri í Vestur-Skaftafellssýslu í fyrra. Var ég þá ekki ugglaus um að eitthvað mundi drepast af birki í brekkunni á Klaustri, og það fór svo að mikill hluti af birkinu vestast í girðingunni og upp af sláturhúsinu hefur drepist, en fyrir austan lækinn sér ekkert á trjágróðri. Þessi trjádaði á stórum svæðum, er til mikilla lýta á þessum fallega stað, úr því þyrfti að bæta á næsta vori með gróðursetningu á t.d. sitkagreni, og láta lurkana standa og skýla greninu fyrsta árið í það minnsta. Til tíðinda má telja að hvergi var sinubruni í skógræktargirðingum hér í vor.

3. Starfsfólk:

=====

Starfsfólk á árinu.

	<u>maí.</u>	<u>júní.</u>	<u>júlí.</u>	<u>ágúst.</u>	<u>sept.</u>	<u>okt-des.</u>	<u>samt.</u>
Karlar.	2	6	6	6	4	3	27
Konur.		1	1	1	1		4
Samt.	2	7	7	7	5	3	31

=====

Allar kaupgreiðslur til þessa fólks á árinu frá Skógrækt ríkisins urðu: ( Sambærilegar tölur frá árinu 1970 innan sviga )

kr. 623.149,- (544.840,-) þar af greitt í sparimerkjum kr.55.673,- (43.375,-) í lífeyrissjóð verkamanna kr. 9.440,-, þar á móti greiddi skógræktin í lífeyrissjóðinn kr. 14.160,-. Til verktaka voru greiddar kr. 102.150,- (38.930,-) samtals til verkamanna og verktaka kr. 725.299,- (583.770,-). Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig júní kr.109.922,- (148.390,-) júlí kr.142.939,- (178.863,-) ágúst kr.135.650,- (113.284,-) sept. kr.120.977,- (57.609,-) okt.-des. kr.113.662,-. Greiðslur féllu þannig til fólks eftir búsetu. Árnessýsla kr.526.077,- (403.033,-) Rangárvallasýsla kr. 149.222,- (71.227,-) Kópavogur kr.50.000,- (70.580,-). Tryggingaskildar vinnustundir voru 4429 (4150) og hjá vikukaups fólki 21 (56). Matreiðsludagar voru 72 (56). Að jafnaði voru unnar 44 st. á viku í dagvinnu og 5 st. í eftirvinnu. Ekkert var unnið á laugardögum og sparast þannig matreiðsludagar. Umsjónarmenn unnu um helgar en fengu í staðinn frídaga í miðri viku.

#### 4. Girðingar:

=====

Reykjahjáleiga. 24. maí var farið að huga að viðgerð á girðingunni, í ljós kom að hún var í samilegu lagi, nema á Reykjafjallsbrúnunum þar þurfti að endurbæta hana nokkuð, sérstaklega að norðanverðu. Vinnukostnaður við girðinguna varð kr. 5.350,-.

Laugarvatn. Pálmi Þálsson á Mjálmsstöðum sá um viðhald og smölu á girðingunni eins og oftast áður. Um girðinguna er lítið að segja nema hún er ónýtt uppi á fjallinu, og fé kemur því niður í hana síðsumars. Kostnaður við viðgerðir og smalanir voru kr. 20.800,-.

Haukadalur. Greipur Sigurðsson sá um viðgerðir á girðingunni, vann hann að lagfæringum í júnímánuði. Vinnukostnaður kr. 16.433,-.

Þjórsárdalur. 10. júní - 2. júlí var unnið að viðgerðum á girðingunni. Skógræktin sá um viðgerðina frá Þjórsá undir Bringum, að Háafossi, en Landsvirkjun frá Háafossi í Þjórsá við Sandafell. Í fyrra var lítið gert við girðinguna, þar sem Flóa og Skeiðamenn ráku ekki fé á fjall vegna vikurs á afréttinum. Það kom okkur í koll í ár, þar sem mun meira þurfti að lagfæra nú en oft áður, og hefði þó mátt gera mun betur en gert var. Mikill léttir er að því að losna við viðgerðir á girðingunni frá Háafossi að Sandafelli. Aldrei er svo vel girt að ekki komist ré inn í girðinguna, í sumar var talið allt það fé er út úr henni var rekið, og var það 180 fjár.

Eins og í fyrrasumar var eftirlitsmaður í dalnum, harði hann einnig eftirlit með girðingunni og sá um að koma kindum út úr henni um leið og þeirra var vart. Vinnukostnaður við girðingarviðhaldið varð kr. 74.790,-.

Skarfanæs. Eins og undanfarandi ár sá Árni Arnason í Klofa á Landi um viðhald á girðingunni. Frá upphafi hefur viðhaldskostnaður verið mjög lítill. Á næsta ári þarf að taka girðingunni tak og hressa

töluvert upp á hana. Girðingin var í upphafi að mestu girt með gaddavír, og það meira að segja gömlum vír. Staurar og renglur eru í sámlæga lagi, þess vegna var mér að detta í hug að nægjanlegt og ódýrast væri að hengja net utaná girðinguna, það hef ég oft gert áður og gefist vel.

Þórsörk. 1. júní var farið inneftir til að gera við girðinguna. Eins og venjulega þurfti mikið að lagfæra hana, og á Krossáraurum var sett upp 200 m. löng lausagirðing, sú girðing var gjörsamlega horfin í haust, en það er svipað og verið hefur undanfarandi ár og verður víst ekki hjá komist á næstu árum. Umsjónarmaður bæði með girðingu, fé og fólki í sumar eins og undanfarandi sumar var Gísli Pétursson, og er svipað að segja af hans störfum og fyrri ára, girðingin ekki fjárlaus, en það sem sneri að ferðafólki í góðu lagi. Launakostnaður vegna viðgerðanna varð kr. 30.367,-, en kostnaður vegna umsjónarmanns kr. 50.000,-.

Hlíðargirðing í Skaftártungu. Í Hlíðar og Grafar landi í Skaftártungu var gömul girðing sem Skógræktarfélagið Mörk lét á sínum tíma girða, en hafði ekki hugsað um í mörg ár, og girðingin því eðlilega í megnasta ólagi. Upphaflega var girt með 6 strengjum af gaddavír galvaníseruðum járnstaurum og lélegum renglum. Þar sem landið er ansi fallett kjarrlendi, var ákveðið að hressa girðinguna upp. Girðingin er 1300 m. löng. Bætt var við einum streng af gaddavír eða 8 rúllum, 10 járnstaurum, 275 renglum og skipt um alla hornstaura 8 talsins, og girðingin strengd upp. Unnið var að þessum framkvæmdum fyrri part septembermánaðar. Vinnulaunakostnaður varð kr. 27.074,-.

5. Gróðursetning:

=====

a. Áætlun undirbúningur. Um gróðursetningar er hægt að vera fáorður því svo lítið var gróðursett. Á starfsmannafundinum í vetur, var aðeins áætlað að gróðursetja í Reykjahjáleigu og Ölversholti, samtals 8800 plöntur, en sökum plöntuskorts voru ekki gróðursettar nema 5500 plöntur á báðum stöðum. Í Reykjahjáleigu var gróðursett dagana 7 og 8 júní, í brekkuna fyrir austan stóra gilið. Í Ölversholti gróðursettu synir Benjamíns Eiríkssonar, plönturnar fengu þeir 21. maí.

b. Tafla yfir tegundir kvæmi o.fl. 1977

<u>Staður.</u>	<u>Tegund.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Fjöldi.</u>	<u>Gr.st.</u>
Reykjahjáleiga	sitkagreni	Sitka	3/3	2500	T.
"	sitkagreni	Homer	2/2	1000	Danm.
Ölversholt	sitkagreni	Sitka	3/3	1000	T.
"	stafafura	Skagway	2/3	1000	T.
		Samt.		5500	

=====

Gróðursetning hjá Skógræktarfélagum.

Skógræktarf. Árn.

Snæfoksstaðir	sitkagreni	Sitka	3/3	6100	T.
"	sitkagreni	Homer	2/3	4000	Danm.
"	stafafura	Skagway	2/2	4000	T.
Gaulverjab.hr.	birki	Tumast.	2/0	75	T.
"	sitkagreni	Sitka	3/3	75	T.
"	stafafura	Skagway	2/2	225	T.
Hvergerðingar	birki	Hall.	2/0	2500	T.
Sandvíkurhr.	birki	Hall.	2/0	300	T.
"	stafafura	Skagway	2/2	500	T.
Hrunamenn	stafafura	Skagway	2/2	200	T.

Skógræktarf. Rang.

Hamaragarðar	sitkagreni	Sitka	3/3	1000	T.
"	bergfura	Danm.	2/2	1000	T.
"	stafafura	Skagway	2/2	3000	T.
"	birki		2/0	300	T.
Skógaskóli	birki		2/0	1000	T.
"	sitkagreni	Sitka	3/3	450	T.
"	stafafura	Skagway	2/2	500	T.

Skógr. fél. Mýrdælinga.

"	sitkagreni	Sitka	3/3	2000	T.
"	stafafura	Skagway	2/2	1000	T.

Samt. 28225

=====



## 6. Hirðing:

=====

Hreinsun - áburðargjöf. Grisjað og hreinsað var frá gróðursetningum í Þjórsárdal og Haukadal, einnig var borinn áburður að plöntum, sérstaklega í Þjórsárdal. Í Haukadal var ekkert sérstakt svæði tekið til meðferðar, heldur farið vítt og breitt um hlíðarnar og tekið til höndum þar sem þörfin var mest. Í Þjórsárdal voru teknar fyrir allar gróðursetningar í Hvamsárdal og grisjað frá þeim, einnig var áburður borinn þar á gróðursetningar eldri en þriggja ára, er þar um að ræða sitkagreni, rauðgreni og stafafurugróðursetningar. Inn í Selhöfðum var hreinsað frá gróðursetningum í hlíðinni á Skríðufellinu að sunnanverðu og flatirnar þar niður af, eru það gróðursetningar frá árunum 1960 - 1965. Einnig var farið yfir Gvendarrana og svæðið sunnan í Selhöfðum. Við hreinsunina var unnið með klippum, sniðlum og kjarrsögum, erfiðlega gekk þó með kjarrsagirnar, vegna vikurs í skógarbotninum, bitið var fljótt að fara úr sagarblöðunum, og oft þurfti að skerpa og skipta um blöð. Samtals var unnið að hreinsun og áburðargjöf fyrir rúmar 200 þús. krónur. 40 sekkir af tvígildum áburði 26-14-0 voru keyptir fyrir kr.15.120,-, mestur partur af því fór í Þjórsárdal.

Ég er mjög ánægður með það sem gert var í hirðingarmálanum í sumar, og vonast til að geta haldið áfram á sömu braut á næstu árum.

## 7. Ýmislegt:

\*\*\*=====

a. Ferðafólk. Í góða veðrinu í sumar var mikill ferðamanna strömmur í Þjórsárdal og Þórsmörk. Á báðum stöðum voru umsjónarmenn, og er ekki vanþörf á að svo sé. Annað mál er það, hver á að bera kostnað af umsjóninni og öðru sem af dvöl ferðafólks í skóglendunum hefur í för með sér. Til marks um fjöldann sem kom í Þjórsárdal, voru talin tjöld þar á tímabilinu frá 16/7 - 15/8 og voru það 932 tjald dagar, og á einum degi 31. júlí taldi ég 205 tjöld í Skriðufellsnesinu, gera má ráð fyrir að fjórir hafi verið til jafnaðar í hverju tjaldi, og er þá fjöldinn sem þarna var á einum degi, svipaður og allir íbúar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Umgengni fólks er yfirleitt góð, og hefur farið stórbatnandi ár eftir ár. Vafalaust á herferðin sem undanfarandi ár hefur verið rekin fyrir bættri umgengni, ~~mest~~ átt mestan þátt í að svo er komið sem nú er.

b. Vinnuskálar. Vinnuskálarnir í Þjórsárdal, sem um mörg ár hafa staðið inn í Hvammsárdal, voru í sumar fluttir niður í Skriðufellsnes. Um leið og þeir voru fluttir voru þeir lagfærðir mikið. Einangraðir á hólf og gólf, klæddir að innan með krossvið (vatnsþ), innréttingar lagfærðar og leitt í þá rafmagn til upphitunar, ljósa og eldunar. Eftir er að kaupa eldavél og ef til vill fleiri eldhústæki. Ekkert er því til fyrirstöðu nú, að dvelja þar og stunda vinnu á hvaða árstíma sem er húsnæðisins vegna. Í Haukadal þarf á næstunni að lagfæra og endurbæta vinnuskálana sem þar eru.

c. Jólatré. Í desember voru höggvin nokkur jólatré bæði í Haukadal og Þjórsárdal. Í Haukadal í Austmannabrekku og víðar voru feld 480 tré í stærðunum frá 0,70 - 4,00 m. Í Selhöfðum í Þjórsárdal 30 tré 0,70 - 2,00 m. Söluverðmæti var samtals kr. 121.914,-, og verða það kr. 239,- til jafnaðar fyrir hvert tré.

d. Fundarhöld og eftirlitsferðir. 8 - 12 marz sat ég árlegan fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, þar sem rædd var og gerð fjárhags og starfsáætlun Skógræktar ríkisins fyrir árið 1971. Yfir sumarið margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðurlandi, vegna framkvæmda og eftirlits í skóglendunum. Einnig ferðir í girðingar skógræktarfélaganna á Suðurlandi, eins og við var komið, og á fundi hjá skógræktarfélagunum, m.a. á aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Skógum undir Eyjafjöllum 26 og 27. júní.

Selfossi 31/12. 1971.

*Guðvarður Jónsson*

V E R K F E R A T A L N I N G .

=====

Hjá Garðari Jónssyni árið 1971.

<u>Fjöldi</u>	<u>Nöfn.</u>
1.	Vörubifreið L.-233 Thames Trader árg.1963
1.	Jeppabifr. X.-139 M.A.Z. árgerð 1969.
1.	Jarðýta T.D.6. gömul.
1.	Jeppakerra.
3.	Kjarrsagir Jo.Bo.
2.	Axir.
9.	Sniðlar.
19.	Bjúgskóflur.
5.	Plöntuhakar.
16.	Skógarklippur.
4.	Stunguskóflur.
2.	Malarskóflur.
2.	Járnkarlar.
3.	Sleggjur.
1.	Keðjustrekkjari (Girðingartalia)
1.	Handstrekkjari.
3.	Hamrar.
4.	Naglbítar.
2.	Bogasagir.

Matar og eldunaráhöld fyrir 10 manna flokk, sem bætt er í og haldið við á hverju ári.

Selfossi 31/12. 1971.

*Garðar Jónsson*